

þar á meðal kr. 250.00 til skipaðs verjanda síns í málinu, Áka Jakobssonar lögfræðings.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Snorri Sturluson, sæti fangelsi í 30 daga.

Hann greiði Jóni Helgasyni kr. 1170.00 og Valdimar Jóhannssyni kr. 873.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 250.00 til skipaðs verjanda síns í málinu, Áka Jakobssonar lögfræðings.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 23. apríl 1945.

Nr. 95/1944. **Sigurður Berndsen** (Gunnar J. Möller)  
gegn

**Péttri Ottasyni** (Gunnar Þorsteinsson).

Dóknun fyrir geymslu báts á skipasmíðastöð.

### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1944, hefur gert þá aðalkröfu, að honum verði dæmt að greiða stefnda kr. 558.09, en til vara kr. 1030.32, og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu fyrir báðum dómum. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda eftir mati hæstaréttar.

Komið er fram í flutningi málsins, að áfrýjandi greiddi stefnda kr. 500.00 fyrir tímabilið 11. nóv. 1941 til 30. júní 1942, og svarar það til ca kr. 2.16 dag hvern, og gerir það kr. 1030.32, sem varakrafan er miðuð við. Aðalkrafan er hins vegar miðuð við það, að í áðurnefndum kr. 500.00 séu faldar kr. 228.00 fyrir uppsátur, og því hafi áfrýjandi raunverulega aðeins greitt fyrir geymslu bátsins kr. 272.00, er svari til ca kr. 1.17 hvern dag, og verði það kr. 558.09. Hið

lága gjald fyrir tímann frá 11. nóv. 1941 til 30. júní 1942 verður að telja miðað við það, að stefndi gerði við bátinn og hefði ágóða þar af. En 1. júlí 1942, verður að ætla, að einráðið hafi verið, að ekki skyldi við bátinn gert. Áfrýjandi mátti þá gera ráð fyrir því, að hann yrði framvegis að greiða sanngjarna þóknun fyrir geymslu bátsins, og verður þá ekki miðað við gjald það, sem áfrýjandi greiddi fyrir tímann 11. nóv. 1941 til 30. júní 1942. Og eigi verður heldur miðað við 15 króna gjald það, sem í héraðsdómi er lagt til grundvallar, með því að stefndi gerði áfrýjanda eigi viðvart um það, að hann mundi krefjast slíks gjalds, eða að áfrýjandi yrði að hirða bátinn annars kostar. Eigi er því haldið fram, að báturinn hafi verið verulega fyrir stefnda í starfi hans, en hann hlaut þó að bera ábyrgð geymslumanns á bátnum, og þykir hann því eiga sanngjarna þóknun fyrir geymslu bátsins tímabilið frá 1. júlí 1942 til 20. okt. 1943, og þykir hún hæfilega ákveðin kr. 2500.00 með 5% ársvöxtum frá 11. marz 1943 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda í málskostnað fyrir báðum dómum samtals kr. 1000.00.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Sigurður Berndsen, greiði stefnda, Pétri Ottasyni, kr. 2500.00 með 5% ársvöxtum frá 11. marz 1944 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. júní 1944.**

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., er að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 14. marz s. l. af Pétri Ottasyni skipasmið, Stýrimannastíg 2 hér í bæ, gegn þeim Sigurði Berndsen, Grettisgötu 71, og Snorra Jónssyni, Nönnugötu 8, báðum hér í bæ, til greiðslu in solidum á skuld vegna skipsgeymslu að fjárhæð kr. 9120.00 með 5% ársvöxtum frá 11. marz 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans. Þá krafðist stefnandi, að viðurkenndur yrði með dómi haldsréttur hans í v/b France R.E. 150 vegna skuldar

þessarar. Í þinghaldi þann 30. marz s. l. lýsti stefnandi yfir því, að hann félli frá öllum kröfum á hendur stefndum Snorra, en hann hafði hvorki sótt né látið sækja þing. Við hinn munnlega málflutning breytti stefnandi kröfum sínum á þá leið, að stefndur Sigurður yrði dæmdur til að greiða kr. 7155.00 með 5% ársvöxtum frá 11. marz 1944 til greiðsludags og málskostnað að mati dómarans. Þá krafðist stefnandi enn, að viðurkenndur yrði með dómi haldsréttur hans í v/b France R.E. 150 fyrir kröfum þessum.

Stefndur hefur við hinn munnlega málflutning gert þær dómkröfur, að honum verði aðeins gert að greiða skipsgeymslugjald hlutfallslega jafnhátt og hann hafði áður greitt fyrir geymslu sama skips fyrir tímabilið frá 11. nóv. 1941 til 30. júní 1942.

Þá hefur stefndur krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að því er stefnandi skýrir frá, að þann 11. nóvember 1941 var v/b France R.E. 150, þá eign stefnda, dreginn á land í dráttarbraut stefnanda hér í bænum. Kveðst stefnandi hafa gert ráð fyrir, að honum yrði falið að gera við bátinn, sem muni hafa verið all-lélegur. Með tilliti til þessa, kveður stefnandi, að samið hafi verið um, að stefndur greiddi fyrir uppsátur og geymslu bátsins til 1. júlí 1942 kr. 500.00, enda gert ráð fyrir að viðgerð yrði lokið þá. Fé þetta greiddi síðan stefndur stefnanda þann 15. marz 1942. Aldrei var byrjað á hinni fyrirhuguðu viðgerð, enda telur stefnandi, að stefndur hafi ekki beðið sig að byrja viðgerðina og ekki komið með efni, er hann hafi sagzt ætla að leggja til. Hafi því báturinn legið áfram hjá sér, án þess að samið væri um leigu eða hún greidd, og liggi þar enn óviðgerður. Bátinn hafi stefndur síðan selt Snorra Jónssyni þann 20. október 1943, og hafi Snorri greitt slippleigu og geymslugjaldið frá þeim tíma.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að báturinn hafi verið í dráttarbraut sinni, án þess að greitt hafi verið fyrir hann, tímabilið frá 1. júlí 1942 til 20. nóv. 1943, eða samtals 477 daga. Leiguna telur stefnandi kr. 15.00 á dag, en það sé slippleiga sú, er ákveðin hafi verið fyrir þessa stærð báta af verðlagsstjóra með auglýsingu birtri 29. marz 1943.

Stefndur hefur hins vegar haldið því fram, að fljótlega eftir að báturinn var dreginn í land hafi hann verið skoðaður og þá strax horfið frá því að gera við hann. Hins vegar hafi samizt svo um með aðiljum, að báturinn fengi að standa þar sem hann var fram á sumarið 1942 fyrir gjald, er hafi verið af stefnanda ákveðið kr. 500.00 og hafi í þeirri greiðslu verið innifalið gjald fyrir uppsátur bátsins. Með tilliti til þess krefst stefndur, að reiknað verði sama gjald fyrir bátinn fyrir dag hvern eftir 30. júní 1942 og hafi verið talið í upphaflega samningi aðilja fyrir tímabilið frá 11. nóv. 1941 til 1. júlí 1942. Þá hefur stefndur bent á, að á öllu þessu tímabili

hafi stefnandi hvorki krafizt þess, að báturinn yrði tekinn, né krafði sig um greiðslu geymslukostnaðar.

Af því, sem að framan greinir, er ljóst, að ekki hefur verið samið um leigugjald eftir 30. júní 1942, en til þess tíma virðist stefndur hafa greitt leigu. Verður því að telja, að stefndum beri frá þeim tíma að greiða stefnanda geymslugjald fyrir nefndan bát, eins 'og krafði er, nema það geti talizt bersýnilega ósanngjarnt.

Nú er gjald það, sem stefnandi hefur krafði, í samræmi við ákvæði þau, er verðlagsstjóri hefur sett um slíka leigu, og þykir þá verða að leggja það til grundvallar.

Með tilliti til þessa, og þar sem timalengd þeirri, er báturinn var í dráttarbrautinni, hefur ekki verið mótnælt, verða kröfur stefnanda teknar til greina að þessu leyti.

Að því er snertir kröfu stefnanda um viðurkenningu á haldsrétti í v/b France R.E. 150, þá verður ekki annað séð en nefndur bátur sé nú eyðilagður af völdum bruna. Þykir því ekki tilefni til að taka til greina framangreinda kröfu stefnanda um viðurkenningu á haldsrétti.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndur greiði stefnanda málskostnað, er ákveðst hæfilegur kr. 600.00.

Árni Tryggvason settur borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Sigurður Berndsen, greiði stefnanda, Pétri Ottasyni, kr. 7155.00 með 5% ársvöxtum frá 11. marz 1944 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað, en sé að öðru leyti sýkn af kröfum stefnanda.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. apríl 1945.

Kærumálið nr. 3/1945. Óli J. Ólason

gegn

borgarfógetanum í Reykjavík.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 28. marz þ. á., er hingað barst með bréfi borgardómara 11. apríl þ. á., kærir sóknaraðili málskostnaðar-ákvæði dóms bæjarþings Reykjavíkur 26. marz þ. á. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja.